

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um söfnun meðmæla og skil framboða og framboðslista fyrir kosningar, nr. 254/2024.

1. gr.

Í stað orðanna „rafræn skilríki“ í 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar, kemur: rafræna auðkenningu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. mgr. orðast svo: Rafrænt kerfi til söfnunar meðmæla lokar þegar framboðsfresti lýkur, en yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn skal loka fyrir söfnun meðmæla hjá framboði þegar því er skilað.
- b. Í stað orðanna „þar sem kemur fram hvernig stofna skal til rafrænnar söfnunar meðmæla“ í 3. mgr., kemur: um notkun rafræna meðmælendakerfisins.
- c. Við 1. másl. 4. mgr. bætist: og jafnframt fært inn í það þau meðmæli sem skilað hefur verið á blöðum.
- d. Við 2. másl. 4. mgr. bætist: og færa inn meðmæli af blöðum.
- e. Á eftir orðunum „meðmæli sín“ í 6. mgr., kemur: og dregið þau til baka.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðunum „blaðsíðunúmeri og“ í 3. mgr., kemur: er miðað við.
- b. 5. mgr. orðast svo: Landskjörstjórn og yfirkjörstjórn sveitarfélaga, geta óskað eftir því við framboð að meðmælendalistar sem skilað er á blöðum séu jafnframt slegnir inn í meðmælendakerfið.

4. gr.

Á eftir orðunum „skal landskjörstjórn“ í 4. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar, kemur: eða yfirkjörstjórn sveitarfélags; og við málsgreinina bætist: eigi síðar en sex mánuðum eftir kjördag.

5. gr.

Við 2. másl. 21. gr. reglugerðarinnar bætist: í forsetakjöri og kosningum til Alþingis en til yfirkjörstjórnar viðkomandi sveitarfélags í kosningum til sveitarstjórna.

6. gr.

2. másl. d-liðar 2. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar fellur brott; og við stafliðinn bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sé lögheimili í fjölkjarna sveitarfélagi er heimilt að tilgreina heiti þess byggðakjarna sem það stendur í.

7. gr.

2. másl. d-liðar 2. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar fellur brott; og við stafliðinn bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sé lögheimili í fjölkjarna sveitarfélagi er heimilt að tilgreina heiti þess byggðakjarna sem það stendur í.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. og 2. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 47. gr. kosningalaga nr. 112/2021 og tekur þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 23. mars 2026.

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Páll Winkel.

B deild - Útgáfudagur: 26. mars 2026